

IO.tbl.

8. mars. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Tónkvíslin

2023

11.mars
Íþróttahúsið á Laugum

Húsið opnar 18:00



Keppnin hefst 19:00

Miðar fást á staðnum
16 ára og eldri: 3.000 kr
12 ára og eldri: 1.500 kr
Yngri en 12 ára fá frítt!



Greta Salóme verður gestur kvöldsins!

Stærstu styrktaraðilar



Pingeyjarsveit



SPARISJÓÐUR

Suður-Pingeyinga



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Gauragangur á Breiðumýri

Kæru leikhúsunnendur,

Við þökkum fyrir frábærar móttökur vegna sýningarinnar Gauragangs

Sýningum okkar fer nú fækkandi en við auglýsum þó
næstu sýningar sem verða:

Sunnudagur 12. mars kl. 20:30
Laugardagur 18. mars. kl. 16:00
Sunnudagur 19. mars kl. 16:00

Miðaverð:

- Fullorðnir kr. 3500.-
- 16 ára og yngri kr. 2300.-
- Eldriborgarar og öryrkjar kr. 3100.-

Félögum í Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum stéttarfélögum áður en þeir koma á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Miðapantanir og nánari upplýsingar í síma **618-0847**,
umfefling@gmail.com eða í gegnum fésbókina
www.facebook.com/leikdeild.eflingar
Þeir allra snjöllustu geta einnig fylgt Umf. Eflingu á instagram



UMF.EFLING

Dalakofinn býður upp á leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 5 manns),
pantanir í s. 464-3344.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum,
húsið opnar 30 mín fyrir sýningar.

VELKOMIN Í LEIKHÚS Á BREIÐUMÝRI



VEFNÁMSKEIÐ 22. MARS

Út í heim með húsaskiptum

Á þessu námskeiði eru húsa- og íbúðaskipti kynnt fyrir þátttakendum. Farið er yfir það hvernig húsaskipti virka og rýnt í ávinninginn og áhættuna af slíkum ferðamáta.

Húsaskipti verða sífellt vinsælli valkostur enda gefandi og hagkvæmur ferðamáti. Þau opna dyr að öðruvísi ferðalögum en í stuttu máli gefst þeim sem tileinka sér ferðamatáttann tækifæri til þess að ferðast um heiminn án þess að borga fyrir gistingu. Í staðinn er hægt að nýta peninga sem sparast í aðrar upplifanir á ferðalaginu.

Á námskeiðinu er m.a. rætt um:

- Hvar og hvernig byrjar maður í húsaskiptum?
- Kosti og galla húsaskipta?
- Hvernig eykur maður líkurnar á vel heppnuðum skiptum?
- Bílaskipti

Leiðbeinandi: Snæfríður Ingadóttir.

Fjölmiðlakonan Snæfríður Ingadóttir hefur á undanförunum árum ferðast víða með fjölskyldu sinni, bæði innanlands og utan og nær eingöngu nýtt sér húsaskipti á sínum ferðalögum. Þá hefur hún einnig skrifað handbók um efnið sem og fleiri ferðatengdar bækur m.a. um Tenerife og búsetu á Spáni.

22. MARS KL: 16:30-19:00

LENGD: 2,5 KLST

VERÐ: 12.900 KR*

SKRÁNING Á HAC.IS



Þekkingarnet
Þingeyinga



*Ýmsir fræðslusjóðir greiða námskeiðsgjaldid að fullu fyrir sína félagsmenn. Athugið að námskeiðin eru öllum opin og minnum við fólk á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi.



Þorgeirskirkja á Ljósavatni

Fjölskylduguðsþjónusta og sunndagaskóli
verður í Þorgeirskirkju
sunnudaginn 12. mars kl.14.00.

Allir velkomnir

Sr. Hafdís Davíðsdóttir

Guðsþjónusta

verður í Skútustaðakirkju næstkomandi
sunnudag 12. mars klukkan 14:00.
Fermingarbörn lesa ritningarlestra.

Eigum notarlega stund saman.
Verið velkomin!
sr. Örnólfur



DEILDARFUNDUR ÞINGEYJARDEILDAR

verður haldinn þriðjudaginn 21. mars kl. 20:00
á Fosshótel Húsavík

Deildarstjórnin



Fótsnyrting - niðurgreidd

Kvenfélag Aðaldæla býður 67 ára og eldri á félagssvæði kvenfélagsins, 50% niðurgreiðslu á fótsnyrtingu hjá Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum sem nú er til húsa í gamla grunnskólanum á Laugum. Í boði er að nýta afsláttinn á tímabilinu 13.-31. mars n.k.

Pantanir berist til Önnu Geirlaugar í s. 861-3154

Stjórnin.



Skólastefna Þingeyjarsveitar Íbúafundir

Mánudagur 24. apríl kl. 20-22 í Ýdölum
eða

Þriðjudagur 25. apríl kl. 17-19 í Skjólbrekku

Nú stendur yfir vinna við nýja skólastefnu sveitarfélagsins undir handleiðslu ráðgjafa frá Skólastofunni slf. Það er ákaflega mikilvægt að sjónarmið allra hagsmunaaðila birtist í stefnunni þannig hún verði okkur gott veganesti til framtíðar.

Við hvetjum alla íbúa til þess að mæta á íbúafund, hvort heldur sem er í Ýdölum eða Skjólbrekku. Það er mikilvægt að raddir ykkar heyrist því skólar eru þungamiðja samfélagsins og skipta okkur öll máli.

Mikil sóknarfæri er að finna í ólíkum sjónarmiðum og víðtækri reynslu allra íbúa. Skólastefna er sáttmáli um skólamálin og því áriðandi að sem allra flestir leggi sitt af mörkum.

Á íbúafundunum verður hópavinna um stöðu skóla- og frístundamála í sveitarfélaginu – styrkleika, veikleika, áskoranir, sóknarfæri, skóla- skipan og framtíðarsýn.

Vegna undirbúnings eru væntanlegir þátttakendur beðnir um að skrá sig á heimasíðu Þingeyjarsveitar eða í síma 464-3322. Vakni spurningar má senda tölvupóst á Ástu F. Flosadóttur, verkefnastjóra, asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is.

Hlökkum til að sjá ykkur og munið eftir að skrá ykkur

Stýrihópur um skólastefnu Þingeyjarsveitar

Kvennaviðburður

Laugardaginn 15. apríl kl. 14 verður haldinn kvennaviðburður í Stórutjarnaskóla. Við ætlum að eiga notalegan dag þar sem Halldóra Skúladóttir hjá kvennaráð.is ætlar að koma og fræða okkur um breytingaskeiðið.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem ekki hefur mikið verið fjallað um en er sem betur fer að koma meira upp á yfirborðið.

Ég, formaður kvenfélagsins Hildar, hef mikinn áhuga á því að konur fræðist um þetta skeið en fyrir konur úti á landi er oft erfitt að afla sér upplýsinga eða sækja sér fræðslu og þar af leiðandi finnst mér tilvalið að bjóða upp á þennan fyrirlestur því hann snertir jú allar konur einhvern tímann á lífsleiðinni. Svo er þetta líka kjörið tækifæri til að hittast og hafa gaman saman. Boðið verður upp á skemmtun og léttar veitingar til sölu. Einnig verða sölubásar á staðnum með mjög áhugaverðar og flottar vörur.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar.

Til að hafa einhverja hugmynd um fjölda langar mig að biðja þær konur sem hafa áhuga á að mæta að forskrá sig og senda póst á netfangið mallalitla@hotmail.com eða senda sms í númerið 8981404 fyrir föstudaginn 17.mars

María Sigurðardóttir (formaður kvenf. Hildar Bárðardal)





Styrkir til lista- og menningarstarfs

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Íþróttá og tólmstundanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2023. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á [sérstökum eyðublöðum](#) sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða til Óskar á netfangið okkah@hotmail.com í síðasta lagi 30.mars. n.k.

Ath. minnum styrkþega 2022 á að skila inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Íþróttá- tólmstundanefnd og menningarnefnd Þingeyjarsveitar



Ert þú karlmaður, orðinn 24 ára, býrð á Húsavík eða nágrenni, hefur kannski velt fyrir þér starfi frímúrara og hvernig menn gerast félagar.

Við Draupnisbræður bjóðum þér í kaffisopa og spjall, laugardaginn 11. mars 2023, á milli kl. 10:30 - 12:00, í húsakynnum okkar að Garðarsbraut 62 á Húsavík.

Vertu velkominn.